

vöxtum til 1.11. 1987, en með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16.11. 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 110.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 310/1987. **Hagvirki hf.**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Ólafi Gunnarssyni og

Birni Einarssyni

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 270.000,00 krónur „í bætur og/eða sem afslátt“ með ársvöxtum sem hér segir: 19% frá 20. júní 1984 til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með þeim vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt vaxtalögum. Þá krefst áfrýj-

andi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 24. mars 1988, en þá gáfu skýrslur til afnota í máli þessu Jóhann G. Bergþórsson, forstjóri áfrýjanda, stefndi Björn Einarsson og Gísli Friðjónsson, framkvæmdastjóri áfrýjanda. Jóhann G. Bergþórsson skýrði svo frá að stefndi Björn hefði komið til sín með blað með lýsingu á útlagningarvél og valtarara, sem selja átti í einu lagi. Á blaði þessu var ekkert tekið fram um verð tækjanna eða árgerð valtarans. Sagði Jóhann að hann hefði skrifað inn á blaðið eftir upplýsingum stefnda Björns að valtarinn væri af árgerð 1974, og verð það sem stefndi Björn vildi fá væri um 1,7 milljónir króna fyrir útlagningarvélina og 1,4 til 1,5 milljónir króna fyrir valtarann eða samtals 3,1 til 3,2 milljónir króna. Stefndi Björn skýrði svo frá að hann hefði viljað fá rúmar 3 milljónir króna fyrir báðar vélarnar en mótmælti því að hann hefði nokkurn tíma sundurliðað verð á valtara og útlagningarvél. Gísli Friðjónsson skýrði svo frá að áfrýjandi hefði bókfært útlagningarvélina á 1,5 milljónir króna og valtarann á 900 þúsundir króna.

Í málinu er fram komið að stefndi Björn keypti hinn umdeilda valtara notaðan í Svíþjóð á árinu 1982. Árgerðin var ekki skráð á tækið og kom heldur ekki fram á reikningi, en Björn hefur borið fyrir rétti að seljandinn hafi gefið þær upplýsingar að valtarinn væri af árgerð 1974.

Óumdeilt er að stefndi Björn gaf þær upplýsingar við sölu valtarans að hann væri af árgerð 1974, og var sú árgerð skráð í kaupsamninginn. Er ekki fram komið að Björn hafi vitað að valtarinn væri af árgerð 1969, er hann seldi áfrýjanda hann.

Upplýst er að umræddur valtari var afhentur frá verksmiðju á árinu 1969. Þótt ekki sé leitt í ljós að tæknilegur munur hafi verið á völturum af árgerð 1974 og 1969 þá er ljóst að vélar og tæki verða verðminni með aldrinum og verðmæti þeirra á markaðinum miðast að nokkru leyti við árgerð þeirra. Áfrýjandi mátti treysta því að þær upplýsingar sem fyrir lágu við kaupin væru réttar. Verður því

að telja að umræddur valtari hafi verið verðminni en áfrýjandi mátti gera ráð fyrir og þannig haldinn galla sem veitir áfrýjanda rétt til að fá afslátt af kaupverði hans, en ekki þykja hér efni til að dæma stefndu til greiðslu skaðabóta.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, keypti áfrýjandi útlagningarvél og valtara í einu lagi á 2,4 milljónir króna án þess að verð væri sundurliðað á hvort tæki fyrir sig, og er ósannað að valtarinn hafi verið verðlagður sérstaklega þegar kaupin fóru fram. Eins og að framan er rakið telst áfrýjandi eiga rétt á afslætti, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, sem að álitum og með hliðsjón af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna telst hæfilegur 175.000,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt úrslitum þessa máls ber að dæma áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu og þykir hann hæfilega ákveðinn 120.000,00 krónur. Er þá tekið tillit til þess sölu-skatts sem áfrýjanda ber að greiða lögmanni sínum af þeim hluta málf lutningsþóknunar hans, sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ólafur Gunnarsson og Björn Einarsson, greiði in solidum áfrýjanda, Hagvirki hf., 175.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 20. júní 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með ársvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum áfrýjanda 120.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 9. júlí 1987.

Mál þetta, sem var upphaflega dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 31. mars sl., en var endurflutt og að nýju dómtekið þann 25. júní sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 6. október 1986 af Hagvirki hf., Skútuhrauni 2, Hafnarfirði, nnr. 3525-1308, gegn Ólafi Gunnarssyni, Hraunbraut 12, nnr. 6759-1917, og Birni Einarssyni, Meltröð 8, nnr. 1325-6861, báðir í Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 270.000,00 auk 19% ársvaxta frá 20. júní 1984 til 13. ágúst s.á., en 24% ársvaxta frá þeim degi til 27. ágúst s.á., en 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., en 26% ársvaxta frá þeim degi til 25. október s.á., en 27,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, en 34% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar s.á., en 37% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., en 4% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en 3,5% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði og brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar vegna matsbeiðni og kostnaðar dómkvaddra matsmanna vegna máls þessa samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi með kaupsamningi dags. 20. júní 1984 keypt af stefndu útlagningarvél, Barber Green S.B. 140, árgerð 1975, og valtara, Dynopac CC-40, sem sagður var í kaupsamningi árgerð 1974. Umsamið kaupverð hafi verið 2.400.000,00 kr. og hafi kaupverðið verið greitt við undirritun kaupsamningsins með verðtryggðum skuldabréfum. Þegar panta átti varahluti í valtarann síðar hafi komið í ljós að hann var árgerð 1969. Telur stefnandi að valtarinn hafi verið haldinn leyndum galla þar sem hann reyndist vera 5 árum eldri og væntanlega þeim mun slitnari en stefnandi hafði gert ráð fyrir við kaupin.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna á dskj. nr. 11 er verðmunur þar metinn á söludegi þann 20. júní 1984 þannig:

Valtari Dynopac CC-40 1974	kr. 900.000,00
Valtari Dynopac CC-40 1969	kr. 630.000,00
Verðmunur	kr. 270.000,00

Samkvæmt framburði annars matsmannanna fyrir dómi var mat þetta miðað við almennt verð á umræddum tækjum.

Stefnandi telur að stefndu beri að bæta þennan verðmun annaðhvort með bótum eða afslætti á kaupverði. Stefnandi hafi mátt treysta því að valtarinn hafi verið af þeirri árgerð sem stefndu tilgreindu þegar kaupin fóru fram en árgerðin hafi einmitt verið ein af forsendum kaupverðsins. Ekkert annað hafi legið fyrir um notkun tækisins enda hafi hvorki verið í því mælir sem sýndi stundafjölda né vegalengd sem tækið hafði verið notað. Hins vegar hafi komið fram slit á tromlum skömmu eftir að kaupin fóru fram.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 svo og til almennra reglna skaðabótaréttarins og dóma um bifreiðar sem reyndust vera annarrar árgerðar en gefið var upp við sölu þeirra.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að af hálfu stefnanda hafi tækin verið skoðuð vandlega áður en hann gerði kauptilboð í þau. Fjárhæð tilboðsins hafi byggst á ástandi tækjanna en ekki aldri þeirra. Upplýsingar um aldur tækjanna hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir að samkomulag hafði náðst um kaupverðið. Einnig sé það venja í viðskiptum sem þessum að verðmeta tæki eftir ástandi þeirra en ekki eftir aldri, enda skipti aldur litlu máli þegar um þetta gömul tæki sé að ræða. Ástand valtarans hafi verið gott þegar kaupin fóru fram, enda hafi stefndu kostað til verulegra endurbóta á honum á árunum 1982 og 1983.

Stefndu hafi ekki sérstaklega mótmælt því að framleiðsluár valtarans hafi verið 1969; hins vegar segi slíkt ekki endilega til um hve mikið hann hafi verið notaður eða slitinn.

Þá byggja stefndu einnig á því að aldrei hafi farið fram sérstakt verðmætatmat á valtaranum, hvorki þegar kaupin um tilgreind tvö tæki fóru fram né heldur þegar hinir dómkvöddu matsmenn mátu almennt verðmun á völturum af ákveðnum árgerðum. Stefnadu hafa haldið því fram að viðkomandi valtari hafi ekki verið verðminni en valtarar af þessari tegund almennt af árgerð 1974 vegna viðhalds og endurnýjunar á vél, annarri tromlu, legum og vökvakerfi. Stefnandi hafi ekki sannanlega beðið neitt tjón við kaupin, jafnvel þótt valtarinn hafi reynst af annarri árgerð en þeirri sem tilgreind var í kaupsamningi málsaðila.

Niðurstöður.

Við úrlausn máls þessa verður að líta til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um kaupverð valtarans þegar stefnandi keypti hann af stefndu 20.

júní 1984, en í kaupsamningi, sem dags. er þann dag, er aðeins tilgreint heildarverð valtara og útlagningarvélar.

Þá ber einnig að líta til þess að stefnandi þykir ekki hafa sannað gegn mótmælum stefndu að árgerð hafi verið forsenda fyrir umsömdu kaupverði. Stefnandi þykir ekki hafa upplýst að slit á einhverjum hlutum í valtaranum hafi verið meira en stefndu upplýstu stefnanda um eða stefnandi gat kynnt sér við skoðun fyrir kaupin. Ósannað þykir því að stefnandi hafi fengið í hendur verðminni hlut en hann gerði ráð fyrir við kaupin er veitt gæti honum rétt til skaðabóta eða afsláttar af kaupverði. Með vísan til þessa þykja stefndu eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Ögmundur Einarsson rekstrarráðgjafi og Eirík Eylands deildarstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ólafur Gunnarsson og Björn Einarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hagvirkis hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
